

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2010

frá 11. júní 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 202/2008 frá 4. mars 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/47/EB frá 20. desember 2007 um samþykki fyrir eftirliti Bandaríkja Norður-Ameríku með jarðhnetum og a furðum úr þeim fyrir útflutning, að því er varðar aflatoxín í þeim ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2008/486/EB frá 23. júní 2008 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15. 7. 2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 9, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 11, 15.1.2008, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 165, 26.6.2008, bls. 8.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í hluta 7.1 í I. kafla og í 41. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002) í II. kafla:

„– **32008 R 0202**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 202/2008 frá 4. mars 2008 (Stjtið. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 17).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB í hluta 7.2 í I. kafla:

„50. **32008 D 0486**: Ákvörðun ráðsins 2008/486/EB frá 23. júní 2008 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 165, 26.6.2008, bls. 8).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 45. lið (ákvörðun ráðsins 2006/478/EB frá 19. júní 2006) í II. kafla:

„46. **32008 D 0486**: Ákvörðun ráðsins 2008/486/EB frá 23. júní 2008 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 165, 26.6.2008, bls. 8).

47. **32009 R 0669**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fõðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).“

2. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002):

„– **32008 R 0202**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 202/2008 frá 4. mars 2008 (Stjtið. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 17).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzzzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009):

„54zzzzm. **32008 D 0047**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/47/EB frá 20. desember 2007 um samþykki fyrir eftirliti Bandaríkja Norður-Ameríku með jarðhnetum og afurðum úr þeim fyrir útflutning, að því er varðar aflatoxín í þeim (Stjtið. ESB L 11, 15.1.2008, bls. 12).

- 54zzzzn. **32008 D 0486**: Ákvörðun ráðsins 2008/486/EB frá 23. júní 2008 um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 165, 26.6.2008, bls. 8).
- 54zzzzo. **32009 R 0669**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu föðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 202/2008 og 669/2009 og ákvarðana 2008/47/EB og 2008/486/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.